

FUNDARGERÐ LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

140. fundur Landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 8. júní 2016 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra.

Fundinn sátu:

Jóhann Ragnarsson, formaður, Sigtryggur Sigurvaldason, aðalmaður, Matthildur Hjálmarsdóttir, aðalmaður, Þóra Kristín Loftsdóttir, varamaður og Þórarinn Óli Rafnsson aðalmaður.

Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Dagskrá:

1. Fjallskilasamþykkt Húnaþings vestra.
2. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Fjallskilasamþykkt Húnaþings vestra.

Landbúnaðarráð leggur til breytingar á núgildandi fjallskilasamþykkt Húnaþings vestra.

2. gr. í stað „fjallskilastjórn Hrútfirðinga að austan“ komi „fjallskiladeild Staðhreppinga“

19. gr. 4. og 5. liður Hrútatungurétt og Miðfjarðarrétt í stað „réttað í 36. viku“ komi réttað „fyrsta laugardag í september“ Aukaréttir: felld verði niður Neðra-Vatnshornsrétt. Landbúnaðarráð mun einnig skoða hvort breyta þurfi fjallskilasamþykktinni með tilliti til 10. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013 og óskar eftir því að sveitarstjórn fresti afgreiðslu á breytingum á fjallskilasamþykktinni þar til það liggur fyrir.

2. Önnur mál.

- a) Formaður sagði frá því að skv. upplýsingum frá Mast eigi að fara í viðhald á varnargirðingu Vatnsneslínu nú í sumar.
- b) Sviðsstjóri kynnti umsögn sveitarstjóra um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018, þar sem fram kemur krafa sveitarstjórnar um úrbætur í viðhaldi vega í Húnaþingi vestra og þá sérstaklega á veginum í kringum Vatnsnes.
- c) Ekki er komin niðurstaða frá Vegagerðinni um framlag til styrkvega.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:06

Jóhann Ragnarsson

Sigtryggur Sigurvaldason

Matthildur Hjálmarsdóttir

Þóra Kristín Loftsdóttir

Þórarinn Óli Rafnsson

Guðrún Ragnarsdóttir